

STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 1995

30. nóvember 1995

677

Nr. 121

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Í stað „1. desember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögnum, sbr. 1. gr. laga nr. 117/1995, kemur: 6. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

23. nóvember 1995

Nr. 122

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. nóvember 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

5. mgr. 88 gr. orðist svo:

Standist stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, ekki endurtekningarpróf í annarri grein og hann endurinnritar sig til náms við lagadeild á næsta háskólaári, heldur hann einkunn sinni í þeim greinum, þar sem hann hefur hlotið 6,0 eða hærri einkunn.

A 47
Gutenberg

2. gr.

Aftast í XI. kafla komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Reglu 5. mgr. 88. gr. verður beitt um þá stúdent, sem hafa innritað sig til náms við lagadeild sumarið 1992 eða síðar, og tekur hún til þeirra prófa, sem stúdent hefur þeytt eftir innritun.

3. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

LÖG

**um breytingu á sveitarstjórnarlögum,
nr. 8/1986, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 109. gr. laganna, sbr. lög nr. 20/1994, skal um atkvæðagreiðslu um sameiningu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum 2. desember 1995 gilda eftirfarandi:

Hljóti tillaga samstarfsnefndar skv. 108. gr. ekki samþykki í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum, en þó meiri hluta greiddra atkvæða í a.m.k. $\frac{2}{3}$ þeirra og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. $\frac{2}{3}$ íbúa á svæðinu, er viðkomandi sveitarstjórnnum heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga sem samþykkt hafa sameininguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Páll Pétursson.